

Ed.

374. Frumvarp til laga

[195. mál]

um breyting á lögum nr. 43 26. maí 1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Flm.: Jón Helgason.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Landgræðslustjóri fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

3. og 4. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Matsnefndir skulu semja álitserð um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitserðina skal matsnefnd senda til landgræðslustjóra, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélagss Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

1. málslíður 8. gr. laganna orðist svo:

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni í samráði við landgræðslustjóra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ágangur vatna hefur verið mikilvirkur afl við gróðureyðingu á liðnum öldum. Mikið starf er búið að vinna við heftingu landbrots með fyrirhleðslum, en samt er enn þá allt of algeng sjón að sjá vatnsföll eyða grónu landi og gróðurmoldina skolast burt. Þar er því víða mikið verk óunnið.

Lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna voru samþykkt á Alþingi vorið 1975 eftir tillögum landgræðslunefndar. Samkvæmt þeim skal skipa matsnefnd í hverri sýslu, sem á að fylgjast með hættu á landspjöllum af völdum vatna og semja álitserðir um varnarframkvæmdir. Vegagerð ríkisins skal annast verkfræðilegan undirbúning og sjá um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Hins vegar er engum einum aðila falið að gera heildaryfirlit, byggt á álitserðum matsnefndanna, um hættu á landspjöllum og nauðsynlegar varnaraðgerðir.

Samkvæmt 1. gr. þessa frv. er landgræðslustjóra falið að annast yfirstjórn þessara mála fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins. Slíkt virðist eðlilegt, þar sem þetta verkefni er nátengt öðru landgræðslustarfi og ekki síður þörf á að verja gróíð land en græða það sem orðið er örfoka.

Með breytingu í 2. gr. er lögð áhersla á að matsnefndir geri áætlanir um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir, svo að glögg heildarmynd fái af því verkefni sem við þarf að glíma.

Víða blasir við, að þörfin er miklu meiri en unnt hefur verið að sinna síðustu árin. Þess er vænst, að með þeirri breytingu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, verði málin tekin fastari tökum.